

Lífeyrismál við starfslok LSS - B deild, LsRb og LSK



Þórdís Yngvadóttir og Þóra Jónsdóttir,
Starfslokanámskeið Kennarasambands Íslands
Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, Reykjavík , 4. nóvember 2015

Spurningar við starfslok

- Við hverju má ég búast þegar ég hætti að vinna?
- Hverjar verða tekjur mínar?
- Hvaða réttindi á ég og hvar?
- Get ég nálgast yfirlit yfir réttindi mín á einum stað?
- Hvernig ber ég mig að við að sækja um lífeyri
- Hvað þarf ég langan fyrirvara?
- Er flókið að sækja um ef ég á réttindi í mörgum lífeyrissjóðum
- Get ég unnið áfram þótt ég sé byrjuð að taka út lífeyri?
- Hvernig tek ég út viðbótarsparnaðinn minn?
- Ef ég fell frá, fær maki minn lífeyri?

Yfirlit

- Stoðir lífeyriskerfisins
- Lífeyrisgáttin
- Aðild að sjóðunum
- Meðaltalsregla/eftirmannsregla
- Séreignarsjóður
- Sótt um lífeyri

Þrjár stoðir lífeyristrygginga

Almannatryggingar

Ellilífeyrir

Örorkulífeyrir

Maka- og barnalífeyrir

Grunnlífeyrir

Tekjutrygging

Heimilisuppbót

Sérstök heimilisuppbót

Reiknivél TR

Lífeyrissjóðir

Ellilífeyrir

Örorkulífeyrir

Maka- og barnalífeyrir

Annar sparnaður

Eignir (þ.m.t. verðbréfaeign)

Viðbótarsparnaður

Hvað er *sameignarsjóður*?

- ▶ **Samtrygging** - líkt og aðrar tryggingar – ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt myndast réttindi.

- ▶ Þrennskona- trygging eða réttindi:
 - **Ellilífeyri**

 - **Maka- og barnalífeyri**

 - **Örorkulífeyri**

Heildarsýn á ellilífeyrisréttindi þín í samtryggingarsjóðum

- **1. Hvar finn ég Lífeyrisgáttina?**

Þú getur fundið Lífeyrisgáttina á heimasíðu lífeyrissjóðsins þíns eða farið í gegnum Sjóðfélagavefinn.

- **2. Hvernig kemst ég inn í Lífeyrisgáttina?**

Þú skráir þig inn á Sjóðfélagavefinn með kennitölu og lykilorði. Ef þú átt ekki lykilorð þá geturðu stutt á hnappinn „Sækja um aðgang að vef“ þá birtist nýr gluggi þar sem þú fyllir inn kennitölu og stafi sem birtast. Lykilorðið er sent í heimabankann þinn og þar getur þú fundið hann undir „Rafræn skjöl“: Veflykill frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga.

www.lss.is

Aðrar hagnýtar upplýsingar um lífeyrismál: <http://gottadvita.is/>

Árið 1998 var svokölluðum eftirmannareglusjóðum lokað og stofnað nýtt lífeyriskerfi sem A og V deild LSS eru sprottin úr. Þeir sjóðfélagar sem voru starfandi fyrir þann tíma áttu kost á að halda áfram í sínum sjóðum.

Tveir þeirra eru reknir af LSS, en það eru Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar.

Árið 2013 voru fimm lokaðir lífeyrissjóðir sveitarfélaga sameinaðir í B deild LSS, en það voru

- Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
- Lífeyrissjóður Neskaupstaðar
- Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar
- Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjarkaupstaðar

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar



- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, LSS, hefur frá 1.júní 1999 haft umsjón með og annast rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar í samræmi við samkomulag.
- LSS tók svo við rekstri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar þann 1. mars 2010, en sjóðurinn hafði þangað til verið rekinn hjá bæjarfélaginu.
- Í rekstrarumsjón sjóðanna felst að LSS annast allt réttindabókhald, útreikning og útborgun lífeyris og hefur umsjón með öllu reikningshaldi fyrir sjóðinn, ásamt móttöku, vörslu og ávöxtun iðgjalda, sem og eignastýringu. Rekstur sjóðanna er þó á eigin kennitölu og nafni.

B-deild LSS – sameining 2013

- Einfaldar rekstur og utanumhald og lækkar kostnað umtalsvert.
- Réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga óbreytt
- Skuldbindingar hvers launagreiðenda er haldið aðgreindum
- Bakábyrgð viðkomandi sveitarfélags óbreytt
- Eignasöfn sjóðanna sameinuð í eitt safn
- Nýjar samþykki á www.lss.is
- Réttindi lokuðu sjóðanna í grundvallaratriðum lík réttindum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkur

Sjóðfélagar

- Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðsins og á hjá honum réttindi. Þeir einir hafa rétt til að greiða áfram til sjóðsins sem voru **sjóðfélagar í júní 1998** og hafa greitt þangað **óslitið** frá þeim tíma, a.m.k. í hálfu starfi og taka kjör samkvæmt kjarasamningum.
- Hafi iðgjaldagreiðsla sjóðfélaga fallið niður vegna launalauss leyfis eða veikinda á viðkomandi rétt til að hefja aftur greiðslu iðgjalda innan 12 mánaða frá því að greiðsla iðgjalda féll niður.
- Annars er um að ræða geymd réttindi.

Réttindi

Þeir sem hafa greitt í lífeyrissjóðinn og eru orðnir 65 ára og hafa látið af störfum geta farið á eftirlaun.

Þeir sem hafa náð 95 ára reglu (sjóðaldur+lífaldur) geta hafið töku eftirlauna fyrr. (Iðgjöld sjóðfélaga falla niður og vinnuveitandi borgar þá allt iðgjaldið – ávinnur áfram 2%)

- Réttindi myndast á tíma og hlutfalli starfs
- Sjóðfélagar í 100% starfi (mv. *dagvinnulaun*) fá 2% á ári í eftirlaunarétt (mv. launaflokk).
 - Dæmi: 10 ára sjóðfélagaaldur veitir 20% réttindi af 100% launum.
- Hlutastarf skilar hlutfallslegum réttindum (þarf þó að vera minnst 50% starf fyrir LsRb)
 - Iðgjald greiðist af vaktaálagi en ekki af yfirvinnu
 - Iðgjald af orlofsuppbót og persónuuppbót – hlutdeild í lífeyri

Maka- og barnalífeyrir

Makalífeyrir

- Hafi sjóðfélagi unnið **fullt starf** og **látist í starfi** sem veitti aðild að sjóðnum **eða** látist eftir að hafa hafið töku eftirlauna í **beinu framhaldi af starfi** er makalífeyrir 50% af áunnum réttindum sjóðfélaga +20% ævilangt (greiðslur falla niður taki maki upp sambúð að nýju).
- Geymd réttindi – 20% falla niður

Barnalífeyrir

- Til 18 ára aldurs og miðast upphæð við 50% barnalífeyri Almannatrygginga.

Meðaltalsregla / eftirmannsregla

- **Meðaltalsregla**

Lífeyrisgreiðslur taka sömu breytingum og verða að meðaltali á föstum dagvinnulaunum hjá opinberum starfsmönnum. Hagstofa Íslands reiknar út þessar breytingar mánaðarlega.

- ▶ **Eftirmannsregla**

Þeir sem hefja töku lífeyris í **beinu framhaldi af starfi** geta óskað eftir að lífeyrir fylgi launum eftirmanns

- Viðmiðunarlaun eru þau dagvinnulaun sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Þ.e. fylgir launum eftirmanns.
- Hægt að sækja um 3ja mánaða valfrest.
- Þeir sjóðfélagar sem velja eftirmannsreglu nú, geta valið síðar að fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu.
- **Ekki er hægt að skipta úr meðaltalsreglu yfir í eftirmannsreglu.**

Séreignarsparnaður

- ▶ Viðbót á lífeyri – séreign sem erfist að fullu – Ekki aðfararhæfur
- ▶ Sjóðfélagi hefur greitt 2-4% af launum sínum í séreignarsjóð
- ▶ 2% kjarasamningsbundið mótframlag frá launagreiðanda
- ▶ Skattalegt hagræði
 - Tekjuskattsfrestun. Iðgjald dregið af launum, áður en skattur er reiknaður (ávöxtun). Tekjuskattur við útborgun.
 - Enginn fjármagnstekjuskattur og enginn eignarskattur

Útborgun

- ▶ Útborgun séreignar heimil eftir 60 ára aldur, hvort sem er í einu lagi eða í reglulegum greiðslum.
- ▶ Ráðgjöf vegna útgreiðslu m.t.t. mism. skattþrepa í útibúum Arionbanka - Borgartúni.
- ▶ Eyðublað í netbanka Arionbanka– einstaklingar-lífeyrissjóðir-eyðublöð
- ▶ Nánari upplýsingar Arionbanki.is Sími 444 7000
radgjof@arionbanki.is

- Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á www.lss.is eða biðja um að láta senda sér það.
- **Ein umsókn:** Boðið er upp á að lífeyrissjóðurinn sendi umsókn til annarra sjóða sem sjóðfélagi á réttindi í.
- *Starfslokavottorð frá vinnuveitanda.*
- Skila þarf inn umsókn tímanlega áður en taka lífeyris hefst. (hálfur mánuður)
 - Til dæmis, hefjist útborgun eftirlauna 1. desember þarf að skila inn umsókn í síðasta lagi fyrir 15. nóvember.

- Skattkort til þess að persónuafsláttur nýtist.
- Skattþrep: á ábyrgð sjóðfélaga að láta sjóðinn vita.
- Skipta skattkorti?
 - Ef greiðslur eru frá fleiri en einum sjóði.
- Heildartekjur hafa áhrif á skattþrep.
- Mikilvægt að hafa réttar skattaupplýsingar svo fólk lendi ekki í skattlagningu eftir á.

Skattþrep 1 (37,30% skattur á samtals tekjur upp að 309.140 kr.)

Skattþrep 2 (39,74% skattur á samtals tekjur frá 309.141 til 863.404 kr.)

Skattþrep 3 (46,24% skattur á samtals tekjur frá 836.404 kr.)

Spurningar við starfslok

- *Við hverju má ég búast þegar ég hætti að vinna?*
- *Hverjar verða tekjur mínar?*
- *Hvaða réttindi á ég og hvar?*
- *Get ég nálgast yfirlit yfir réttindi mín á einum stað?*
- **Lífeyrisgáttin og Tryggingastofnun ríkisins - Reiknivél TR**

- *Hvernig ber ég mig að við að sækja um lífeyri*
- *Hvað þarf ég langan fyrirvara?*
- *Er flókið að sækja um ef ég á réttindi í mörgum lífeyrissjóðum*
- **Sendu inn umsókn – af vef LSS – með hálfsmánaðar fyrirvara, óska eftir að haft verði samband við aðra sjóði. Muna starfslokavottorð.**

- *Get ég unnið áfram þótt ég sé byrjuð að taka út lífeyri? Ekki að óbreyttu*
- *Borgar það sig fyrir mig að fresta töku lífeyris? Já, í fjárhæðum*
- *Hvernig tek ég út viðbótarsparnaðinn minn? Eftir 60 ára, fá ráðgjöf og sækja um*
- *Ef ég fell frá, fær maki/börn lífeyri? Já - sjá fyrri glærur*

Hafðu samband ☺

- Skrifstofa LSS
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Sími: 540 0700
Netfang: lss@lss.is
Opið alla virka daga
kl. 9.00-16.00
- Símatími lífeyrisdeildar kl.
13.00-16.00

Vefsíður með upplýsingum

LSS.is

Sjóðfélagavefur

Lífeyrisgáttin

Gottadvita.is

ll.is

Rsk.is

TR.is

Séreignardeild LSS:

Upplýsingar og umsóknir

Arionbanki, Borgartúni 19.

Sími 444 7000.

Tölvupóstur:

radgjof@arionbanki.is

Arionbanki.is